

Alþingi
Erindi nr. P 135/1293
komudagur 31.1.2008

Samgöngunefnd Alþingis
Elín Valdís Þorsteinsdóttir, nefndarritari
Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 30. janúar 2008
Tilvísun: 2008010072/90.12
JR/BH
17.01.2008

Efni: Frumvarp til laga um samgönguáætlun, 292. mál.

Óskað hefur verið eftir umsögn Vegagerðarinnar um ofanskráð lagafrumvarp.


Almennt eru breytingar þær sem lagðar eru til í frumvarpinu til bóta en hér á eftir verður dregið á örfá atriði sem við teljum að betur mætti fara.

Í 3. mgr. 3. gr. frumvarpsins er kveðið á um að gera skuli áætlun fyrir hvert ár tímabilsins fyrir hverja stofnun og fyrirtæki samgöngumála. Æskilegt er að þessar áætlanir séu sérstaklega merktar viðkomandi stofnun eða fyrirtæki svo sem verið hefur þar eð það auðveldar mjög notkun áætlunarinnar fyrir stofnanirnar og ekki síður fyrir aðra sem þurfa að nota þessar áætlanir. Málsgreinin gæti þá verið eftirfarandi:
„Í fjögurra ára áætlun samkvæmt ákvæði þessu skal vera áætlun fyrir hvert ár tímabilsins, fyrir hverja stofnun og fyrirtæki samgöngumála sem eiga undir samgönguráðuneytið. Áætlanirnar skulu auðkenndar viðkomandi stofnun t.d. flugmálaáætlun, siglingamálaáætlun, umferðaröryggisáætlun, vegáætlun.“

Við teljum að hluta fjórðu málsgreinar sömu greinar mætti orða skýrar, t.d. á eftirfarandi hátt:
„... Gerð skal grein fyrir fjáröflun og útgjöld skulu sundurliðuð eftir *stofnkostnaði, rekstri, þjónustu og viðhaldi eftir því sem við á. Einnig skal fylgja upptalning á þeim verkefnum sem áætlað er að framkvæma af stofnkostnaði á tímabilinu* . Í fjögurra ára áætlun skal....“

Þá ætti að okkar mati að hugleiða hvort síðasta málsgrein 3. gr. sé hugsanlega of hamlandi þegar fjögurra ára áætlunin ein er til endurskoðunar.

Virðingarfyllst,


Jón Rögnvaldsson, vegamálastjóri.